

Menningar- og viðskiptaráðherra annars vegar og Neytendastofa hins
vegar eru sammála um eftirfarandi


VILJAYFIRLÝSINGU:

Málefni íslenskrar tungu, svo og málefni tengd viðskiptaháttum og markaðssetningu, eru á borði menningar- og viðskiptaráðherra. Sem hluta af þeirri viðleitni að auka sýnileika og vægi íslenskunnar í samfélaginu, og stuðla í auknum mæli að verndun tungumálsins, hefur ráðherra til skoðunar lagaákvæði sem varða tungumálið og notkun þess.

Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005, skulu auglýsingar sem höfða eiga til íslenskra neytenda vera á íslensku. Neytendastofa fer með eftirlit samkvæmt lögnum og hefur frá gildistöku þeirra nokkrum sinnum beint tilmælum til auglýsenda á grundvelli ákvæðisins, með góðum árangri.

Ráðherra og Neytendastofa hafa hug á að taka höndum saman um sérstakt átaksverkefni sem miði að því að auka vitund fyrirtækja og almennings um ákvæðið og framfylgni við það. Í því felst m.a. eftirfarandi:

1. Neytendastofa mun setja tilkynningar sem snúa að framfylgni við 3. mgr. 6 gr. laga nr. 57/2005 í forgang þegar kemur að meðferð stofnunarinnar á tilkynningum sem henni berast.
2. Neytendastofa og ráðuneytið munu í sameiningu vekja athygli á atakinu og beina áskorun til almennings um að tilkynna tilvik þar sem íslenska er hlunnfarin í auglýsingum, hvort sem þar er um að ræða auglýsingar sem birtast í fjölmiðlum eða annars staðar, svo sem á þar til gerðum skiltum í umhverfinu.
3. Neytendastofa mun halda utan um tölfraeðiupplýsingar í tengslum við átakið, þ.m.t. um fjölda tilvika sem rata á hennar borð, tegundir þeirra og afdrif. Upplýsingarnar mun ráðuneytið m.a. nýta við stefnumótunarvinnu.

X 

Lilja Dögg Alfreðsdóttir
menningar- og viðskiptaráðherra

X 

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri Neytendastofu